

Fréttabréf STEFs | September 2018

EUROPE FOR CREATORS

Stórsigur höfunda í baráttunni við tæknirisana!

STEF lagði sitt af mörkum í þeirri baráttu sem höfundar í Evrópu hafa staðið í undanfarin misseri og snýst um kröfu um að í nýrri tilskipun ESB um höfundarétt væri ákvæði um að þjónustuveitum á netinu sem dreifa höfundaréttarvörðu efni verði gert skylt að semja við höfundana um notkun þess. Hafa sumir haft á orði að tæknirisunum hafi á undanförunum árum tekist að trampa niður réttindi höfunda, en nú sé kominn tími á að leiðrétta kúrsinn. Safnað var tugþúsunda undirskrifta til stuðnings málinu og víst er að margir hérlendir höfundar hafi lagt lóð á þá vogarskál.

Sumir hafa haldið því fram að kröfur höfunda hafi í för með sér ritskoðun og að fyrirhuguð löggjöf muni m.a. hafa áhrif á s.k. „memes“ eða „Gifs“ myndskaið. Það er alrangt því tilskipunin mun ekki hafa nein áhrif í þá veru. Einungis er verið að krefjast þess að þjónustuveiturnar greiði sanngjarnt endurgjald fyrir notkun efnis. Í þessu sambandi er einnig vert að hafa í huga að tónlistarveitur sem byggðar eru upp á áskriftargjöldum eru í mjög ósanngjarnri samkeppni við þær veitur sem ekki krefjast greiðslu fyrir efnið sitt (t.d. YouTube) og hafa skýlt sér á bak við ákvæði tilskipunar ESB um *ábyrgðarleysi milliaðila*, sem var þó ávallt hugsuð fyrir fjarskiptafyrirtæki, en ekki þjónustuveitur sem hafa það að markmiði sínu að dreifa höfundaréttarvörðu efni.

Skemmt er frá því að segja, að þann 12. september afréð Evrópuþingið að hafa þessi ákvæði með í tilskipuninni. Það er vitaskuld stórsigur fyrir höfunda í Evrópu, en talið er að þetta muni hafa víðtækari áhrif. Það er óhætt að óska höfundum til hamingju með þennan áfanga.

Hér er frétt um málið: <https://bit.ly/2xii8c8>

Námskeið: Kórútsætningar

STEF, Tónverkamiðstöð og Tónskáldafélag Íslands standa fyrir námskeiði í kórútsætningum. Tónskáldin, kóra“nördin“ og tónlistarfólkið Hildigunnur Rúnarsdóttir og Gunnar Ben leiðbeina áhugasömum um hvernig skuli bera sig að við útsætningar uppáhaldslaga fyrir kóra. Snert verður á alls konar kórtýpum og tónlistartegundum, raddsviði, því hvernig skuli setja upp nótur og hvað helst skuli varast.

TÍMI: Nemendur mæta tvisvar; þann 4. október og 11. október kl. 16-18.

STAÐSETNING: Námskeiðið er haldið í húsakynnum STEFs að Laufásvegi 40.

VERÐ: Ókeypis fyrir meðlimi STEFs, en 6.000 kr. fyrir aðra.

SKRÁNING: Nauðsynlegt er að skrá sig með því að senda póst á itm@mic.is. Ath: Takmarkaður fjöldi. Vinsamlegast nefnið póstinn "Skráning á námskeið Kórútsætningar".

Seinni tónleikaúthlutun 2018: Skráningaráminning

Nú stýttist í seinni tónleikaúthlutun ársins. Tekur hún til lifandi flutnings á tímabilinu **1. mars til og með 31. ágúst 2018**. Skilafrestur á lagalistum er til miðnættis 24. september. Athugið að aðeins fullskráð verk teljast úthlutunarhæf. Nánari fróðleikur um það hér að neðan.

Hér er hægt að skrá tónleika/skila listum: <http://stef.is/skopun-tonlistar/tonleikahald/>

Framkvæmdir að Laufásvegi 40

Eins og mörgum er kunnugt hafa undanfarið ár staðið yfir framkvæmdir á húsnæði STEFs við Laufásveg. Upphafið má rekja til heilsubrests starfsmanna, en rannsókn leiddi í ljós að mikla myglu var að finna innanstokks. Meginorsökin var raki í útveggjum sem upp hafði safnast í gegnum árin, einkum sökum óþéttar umgjarðar um glugga. Við þetta ástand var auðvitað ekki búandi og hafa undanfarna mánuði verið gerðar endurbætur; gluggar og póstar endurnýjaðir, þakkantar og svalir endursteyptar og ýmislegt fleira lagfært í leiðinni. Viðgerðum utanhúss er lokið og standa nú yfir framkvæmdir innandyrna. Þeir kostir voru skoðaðir að selja húsið og finna nýtt varanlegt húsnæði, en að athuguðu máli var það mat og vilji stjórnar að halda í húsnæðið við Laufásveg. Stefnt er að því að flytja skrifstofuna þangað seinna í haust, en hún hefur verið til húsa í Ármúla undanfarið ár.



Ný úthlutun miðsumars: Aðalúthlutun – fyrri hluti

Sem kunnugt er hefur úthlutunum fjölgað smátt og smátt í gegnum tíðina, enda stefna STEFs að koma fjármunum til rétthafa svo fljótt sem auðið er. Á undanförunum árum höfum við úthlutað 11 sinnum yfir árið; tvisvar fyrir tónleika, fjórum sinnum fyrir sölu hljóðrita og á netinu (NCB/NMP), fjórum sinnum fyrir flutning erlendis og að lokum hin s.k. Aðalúthlutun í desember.

Aðalúthlutunin er, eins og kunnugt er, fyrir opinberan flutning innanlands og tekur til flutnings tónlistar ársins á undan, sem þýðir að í desember 2017 var m.a. úthlutað fyrir flutning í janúar 2016 og var sá flutningur því hartnær tveggja ára gamall.

Nokkuð er síðan STEF setti sér það markmið að auka þjónustu við rétthafa og bæta við úthlutun og yrði að öðru jöfnu greidd út á miðju ári. Þessi nýja úthlutun kom í fyrsta skipti til framkvæmdar í sumar og var greidd út í júlíbyrjun. Hún verður að óbreyttu fastur liður í úthlutunarferli STEFs í framtíðinni.

Í þessari nýju úthlutun var greiddur út u.þ.b. helming úthlutunarfjárhæðarinnar fyrir flutning ársins 2017 á útvarpsstöðvum RÚV og 365 miðla (nú Sýnar). Hinn helmingur þess hluta — ásamt sjónvarpshluta og öðrum hefbundnum úthlutunarliðum, s.s. bakgrunnstónlist, frumflutningsálagi o.s.frv. — verður síðan greiddur út skv. venju í desember, undir formerkjnum Aðalúthlutun 2018 – seinni hluti.